

Skólaráðsfundur 13.01.2023 kl. 8:20

Mætt voru: *Kristrún Guðjónsdóttir (skólastjóri), Hulda María Magnúsdóttir (deildarstýra), Jón Hákon Halldórsson (fulltrúi kennara), Sigrún Helga Jónsdóttir (fulltrúi starfsfólks), Elva Hjálmarsdóttir (fulltrúi foreldra), Hanna Steinunn Steingrímsdóttir (fulltrúi foreldra), Amelía Carmen Agnarsdóttir 9. SVJ (fulltrúi nemenda), Elísa Björk Maronsdóttir 10. SRS (fulltrúi nemenda), Þórunn Bríet (forstöðukona félagsmiðstöðvar), fulltrúar nemendaráðs (Auður Hilda, Diljá Harpa, Emilía Þórunn, Eva Guðrún, Nadía Líf, Birgir Þór, Heiðbjört, Regína, Snævar)*

Nemendaráð og skólaráð kynna sig, nemendaráð fer yfir nokkra punkta:

- Skólinn/skólastarfið/Fjörgyn/félagsstörf
 - Vilja fjölbreyttari kennsluaðferðir og námsmat
 - Nýta lífsleiknitíma betur, oft “dauður” tími, mætti gera meira, t.d. hópefli eða virkja bekkina meira saman, ekki bara myndband/frjálst. Gera meira saman, fara t.d. í ferðir eða gera meira til að hrista hópana saman, fá hugmyndir frá nemendum
 - Íþróttir - Nefnt hvort öll geti verið í Dalhúsum frekar en að einn hópur sé alltaf í íþróttasal skólans, hefur ekki gengið upp vegna fjölda nemenda og eins þar sem kennarar eru með ákveðna hópa og því erfitt að vera að rótera
 - Breyta fyrirkomulagi matartíma hjá unglingastigi
 - Maturinn er góður, þarf ekki að breyta neinu þar
 - Hafa fleiri valkosti í boði í morgunmat
 - Námsverið niðri er kósý og mætti jafnvel vera opið meira, hefur verið opið öllum nemendum í frímínútum 9:30 og 11:10
 - Vilja skipta út eldri nemendaverkum á veggjum skólans fyrir nýrri
 - Nefnt hvort hægt sé að leyfa nemendum að skreyta undirgöngin. Tóta nefnir að það sé mögulega eitthvað sem félagsmiðstöðin geti skoðað að vera með hóp í. Þarf að kanna hjá borginni hvort megi gera svona hóp
- Aðbúnaður
 - Gott að búið er að bæta við sófum, þægilegt að hafa fleiri sæti í boði
 - Ætti að vera meira opið inn í setustofu, t.d. ef tímar falla niður
 - Bókasafnið er orðið mjög flott og kósý
 - Mála handriðið upp á gang hjá yngsta/miðstigi
 - Kvartað undan að gólf í íþróttasal skólans sé skítugt og klefar óþrifalegir
 - Nefnt hvort sé hægt að hafa skóhillur inni í Fjörgyn, þar eru skór um allt gólf og erfitt að komast að fatahenginu

- Nefnt hvort sé hægt að gera DJ-búrið huggulegra. Tóta segir að Fjörgyn sé að huga að því að kaupa fleiri ljós, bæði inn í búr og inn í sal. Markmið að gera meiri stemningu í salnum
- Það er í útboði að fá ný húsgögn fyrir unglíngastigið, fáum þau vonandi fyrir næsta haust
- Mikið um tyggjó undir borðum, þarf að þrifa, hjá hverjum ætti sú ábyrgð að liggja? Virkja nemendur með í slíkt, þarf að ræða umgengni og sóðaskap. Spurning hvort á að taka dag/tíma þar sem allir bekkir fá hanska/sköfur og hreinsa undan borðum í sínum umsjónarstofum

- Samskipti
 - Of mikið virðingarleysi gagnvart kennurum/starfsfólki, verið að svara til baka og leiðinleg svör
 - Rætt hvernig væri að hafa símalausar kennslustofur frekar en símalausan skóla, kennarar þurfa að vera samtaka um að fylgja betur eftir að símar séu ekki leyfðir og nemendur séu virkari í að hafa símana í kassa eða niðri í tösku
 - Nemendur þurfa sem samfélag að búa til ákveðna stemningu í kringum umgengni, virkja aðra með sér í að spá í hvernig við viljum hafa skólann okkar
 - Samskipti eru mjög mismunandi, bæði innan bekkja, milli bekkja, milli nemendahópa og við kennara. Nemendur hafa upplifað að kennarar séu þeim ekki hliðhollir og að þeir geti ekki leitað til þeirra meðan gott er að leita til annarra. Krístrún leggur áherslu á að nemendur leiti til stjórnenda, námsráðgjafa, umsjónarkennara eða annarra og upplýsi ef einhver vandamál eru, ekki hægt að laga það sem við vitum ekki af

- Líðan
 - Nemendur segjast ekki verða mikið varir við einelti en segjast myndu láta vita ef þeir tækju eftir því, telja sig öll hafa einhvern sem þau geta leitað til og treyst fyrir slíku, vita hvert þeir eiga að leita
 - Væri sterkur leikur að koma með eitthvað inn í lífsleikni til að styðja við samskipti og samvinnu. Of mikið horft á myndbönd sem hafa verið sýnd áður. Kennarar mættu fylgja meira eftir fræðsluerindum með frekari vinnu
 - Nefnt að það séu að koma inn kannanir þar sem er verið að spyrja sömu spurninga aftur og aftur. Oft utanaðkomandi kannanir sem eru árlegar
 - Þyrftu að vera veggspjöld á veggjunum þar sem kemur fram hvernig á að bregðast við t.d. einelti, þannig að nemendur hafi aðgang sjónrænt, þarf líka að koma fram að trúnaður sé virtur í slíku

- Annað

- Nefnt hvernig kerfið er í Víkurskóla, eru að keyra í lotum (Uglur) og meiri samþætting milli námsgreina
- Nefnt hvort megi byrja seinna á morgnana eða að byrja fyrsta tíma á morgnana með umsjónarþekki í einhvers konar slökun/hugleiðslu

Punktur um skólahúsnæðið

- Krístrún segir frá Hringekjunni, heildarviðgerðaráætlun fyrir alla leik- og grunnskóla í Reykjavík
 - Stíllt upp raunhæfu plani um tímasetningu vegna meiriháttar viðhalds einstaka leik- og grunnskóla
 - Unnið að því að forgangsraða í hvaða röð skólarnir fara m.a. með tilliti til ástands bygginga
- Fréttir af framkvæmdum vegna myglu
 - Upplýsingapóstur fór á forsjáraðila 2. nóvember og til stendur að senda upplýsingar út í dag
 - Skemmdir hafa verið staðbundnar og búið að fjarlægja, viðgerðir langt komnar og einhver frágangur eftir

Skóladagatal 2023-2024

- Verður aftur á dagskrá í skólaráði 3. mars
 - Krístrún mun senda grunninn í tölvupósti
 - 3 starfsdagar þegar skráðir, 2 sameiginlegir í Austur, 1 settur af SFS
 - Eftir að setja inn 2 starfsdaga, samráðsdaga, skreytingadag, þemadaga
- Athugasemd frá fulltrúum foreldra að skóladagatal sé rætt í skólaráði þar sem þeir hafi í raun lítið um það segja

Önnur mál

- Athugasemd um að ekki hafi verið mokað nógu vel frá inngangi Regnbogalands í desember
- Athugasemdir um hengjur sem hanga fram af þaki skólans. Skóli hafði ítrekað samband við hverfismiðstöð vegna þessa í ársbyrjun

Fundi slitið kl. 9:49